

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum og að fengnum tillögum frá skipulagsráði Akureyrar hefur lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra ákveðið að hámarkshraði á götum í hesthúsahverfum Breiðholts og Hlíðarholts verði lækkaður úr 50 km/klst. niður í 30 km/klst.

Auglýsing þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Akureyri sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

F.h. lögreglustjórans á Norðurlandi eystra, 14. desember 2017,

Eyþór Þorbergsson, staðgengill lögreglustjóra.

B-deild – Útgáfud.: 8. janúar 2018